# *Spurningar úr Bridge lögunum*
# *Verkefni 4*

Þetta verkefni er ætlað öllum bridgespilurum sem hafa áhuga á.  Síðar verður haldið keppnisstjóranámskeið. Afar gagnlegt er að hafa lokið þessu verkefni áður en það hefst.

Svör við þessum spurningum skulu send í tölvupósti til Vigfúsar Pássonar.  Tölvupóstfangi vip@centrum.is  Rétt svör verða síðan send til baka.

Svarið öllum spurningum.  Öll hjálpargögn eru heimil, nema ekki spyrjast fyrir hjá öðrum.

Tilgreinið lagagreinar þær sem þið hafið byggt ykkar megin niðurstöðu á

Þar sem margir möguleikar eru gefnir, eru mörg svörin ekki tæmandi.  Veljið svarið sem best á við. Styrkleiki spilara er hár,  Sveitakeppni er spiluð, nema annað sé tekið fram.
Gert er ráð fyrir að verkefnið taki 2 klukkustundir

---

**1**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:Enginn** | **Norður** | **Samningur** |
| **Gjafari:Austur** | ♠ KJ852 | |
| | ♥ Q10864 | |
| | ♦ Q | |
| **Vestur** | ♣ 32 | **Austur** |
| ♠ 93 | | ♠ A764 |
| ♥ KJ72 | | ♥ A93 |
| ♦ 8762 | | ♦ KJ5 |
| ♣ K96 | | ♣ J104 |
| | **Suður** | |
| | ♠ Q10 | |
| | ♥ 5 | |
| | ♦ A10943 | |
| | ♣ AQ875 | |

Suður er sagnhafi í 2♠. Útspil er tígull,  Drottning, Kóngur, Ás. Hann spilar hjarta á tíuna og Ásinn. Austur spilar ♠A og svo ♠4, ♠Q, ♠9 og nú biður hann um gosann, en segir…  “arghhhh, Kónginn”. Leyfir keppnisstjóri honum að spila kóngnum?

---

**2**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu: Allir** | **Norður** | **Samningur** |
| | ♠ KJ74 | **4♠ Vestur** |
| **Gjafari:** | ♥ 9 | |
| | ♦ J73 | |
| **Vestur** | ♣ AQ1097 | **Austur** |
| ♠ Q1063 | | ♠ A952 |
| ♥ Q2 | | ♥ KJ10543 |
| ♦ AQ108 | | ♦ 96 |
| ♣ K85 | | ♣ J1 |
| | **Suður** | |
| | ♠ 8 | |
| | ♥ A876 | |
| | ♦ K542 | |
| | ♣ 7643 | |

Vestur spilar 4♠. Norður spilar út ♠4, Að lokinni eðlilegri umhugsun í fyrsta slag, spilar sagnhafi ♠2 frá blindum og Suður hugsaði sig um dágóða stund og fitlaði við spilin áður en hann spiliaði ♠8. Vestur vann og spilaði spaða á Ásinn, fullviss um að Suður ætti a.m.k. einn spaða enn. Þannig tapaði hann fjórum slögum, Úrskurður keppnisstjóra er?

a) 4♠ 10 slagir (73F)
b) Skor stendur (öryggisspilamennskan er sjálfsögð)
c) A/V 4♠, 9 slagir, = -100 og N/S 4♠ 10 slagir, -620

**3**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:** | **Norður** | **Samningur** |
| | ♠ 1064 | **6♣ Vestur** |
| **Gjafari:** | ♥ 952 | |
| | ♦ AK9542 | |
| **Vestur** | ♣ 2 | **Austur** |
| ♠ A753 | | ♠ KQ2 |
| ♥ AK3 | | ♥ QJ84 |
| ♦ 3 | | ♦ 876 |
| ♣ AQ1063 | | ♣ K54 |
| | **Suður** | |
| | ♠ J98 | |
| | ♥ 1076 | |
| | ♦ QJ10 | |
| | ♣ J987 | |

Vestur er sagnhafi í 6♣. Hann trompar tígul í slag 2, og…

1) Spilar ♣A og litlu á Kónginn. Hafandi séð einspilið í laufi, þá leggur hann upp og segist eiga rest, án þess að lýsa spilaleið.
2) Gefum okkur að Norður eigi einnig ♣8 og einum tígli færra. Eftir að hafa tekið á ♣A og ♣K, þá leggur hann upp og segist eiga rest, án þess að lýsa spilaleið.

Úrskurður keppnisstjóra er…

a) Sagnhafi fær 12 slagi í báðum dæmum
b) Sagnhafi fær 11 slagi í báðum dæmum
c) Sagnhafi fær 12 slagi í dæmi 1) en 11 í dæmi 2)
d) Sagnhafi fær 12 slagi í dæmi 2) en 11 í dæmi 1)

**4**

| **Á hættu:Allir** | **Norður** | **Samningur** |
|---|---|---|
| | ♠ AQ974 | **6♠ Norður** |
| **Gjafari:Vestur** | ♥ Q10852 | |
| | ♦ J102 | |
| **Vestur** | ♣ --- | **Austur** |
| ♠ 103 | | ♠ 86 |
| ♥ J764 | | ♥ AK93 |
| ♦ 854 | | ♦ K3 |
| ♣ K742 | | ♣ J8653 |
| | **Suður** | |
| | ♠ KJ52 | |
| | ♥ --- | |
| | ♦ AQ976 | |
| | ♣ AQ109 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| pass | 1♠ | pass | 2♦ |
| pass | 2♥ | pass | 3♠ |
| pass | 4♠… | pass | 6♠ |

3♠ er áhugi á slemmu. Norður hugsar sig áberandi um (báðar hliðar eru sammála) áður en hann segir 4♠. Austur kallar á keppnisstjóra eftir að spilamennsku er lokið með 13 slögum og segir honum að sér finnst 6♠ sögnin óeðlileg eftir hikið.

a) 6♠ sögnin er heimil
b) 6♠ sögnin er óheimil

**5**

| **Á hættu:A/V** | **Norður** | **Samningur** |
|---|---|---|
| | ♠ --- | |
| **Gjafari:Austur** | ♥ AK97432 | |
| | ♦ K9 | |
| **Vestur** | ♣ J1032 | **Austur** |
| ♠ 108643 | | ♠ K9752 |
| ♥ J10 | | ♥ 8 |
| ♦ 875 | | ♦ AQJ |
| ♣ K65 | | ♣ AQ87 |
| | **Suður** | |
| | ♠ AQJ | |
| | ♥ Q65 | |
| | ♦ 106432 | |
| | ♣ 94 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| | | 1♠ | pass |
| 3♠ | 4♥ | 4♠ | Dobl |
| pass | ….. | | |

Þegar Norður byrjar að hugsa sig um, þá spilar Suður út ♥5. Keppnisstjóri er kallaður til.

a) Hvaða lagagrein(ar) þarf hann að visa til og í hvaða röð?
b) Austur fer 1 niður í 4♠.
    a. Leiðréttir keppnisstjóri skor?
    b. Ef já, hvernig?

---

**6**

Par spilar 12–14 NT samkvæmt kerfiskorti sínu.
Hafandi ♠AT9 ♥AT9 ♦KT984 ♣T9, er opnað á 1NT. Þetta er.

a) Blekkisögn
b) Frávik frá samkomulagi parsins samkvæmt kerfiskorti
c) Sögn samkvæmt kerfiskorti.

---

**7 Tvímenningur**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:N/S** | **Norður** | **Samningur** |
| | ♠ --- | **6♦ Suður** |
| **Gjafari:Suður** | ♥ 764 | |
| | ♦ AK109652 | |
| **Vestur** | ♣ KQ10 | **Austur** |
| ♠ KQ952 | | ♠ 108763 |
| ♥ A10 | | ♥ J9832 |
| ♦ 73 | | ♦ 84 |
| ♣ 8763 | | ♣ 5 |
| | **Suður** | |
| | ♠ AJ4 | |
| | ♥ KQ5 | |
| | ♦ QJ | |
| | ♣ AJ942 | |

Suður spilar 6♦. Vestur spilar út ♠K, drepið á ásinn Í slag 12 kemur í ljós að Suður hefur aðeins eitt spil eftir. Kallað er á keppnisstjóra og í ljós kemur að Suður spilaði báðum tíglum sínum í Ásinn í slag 2. Í slag 3 henti Suður ♥5 í ♦K og fékk 13 slagi.

Keppnisstjóri úrskurðar:

a) 6♦ + 1
b) 6♦ slétt staðið
c) 6♦ - 1

---

**8**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:A/V** | **Norður** | **Samningur** |
| | ♠ | **6♣ Vestur** |
| **Gjafari:Vestur** | ♥ Skiptir | |
| | ♦ ekki máli | |
| **Vestur** | ♣ | **Austur** |
| ♠ AKQ | | ♠ 8 |
| ♥ 5 | | ♥ K74 |
| ♦ AK1073 | | ♦ QJ82 |
| ♣ AJ104 | | ♣ KQ953 |
| | **Suður** | |
| | ♠ | |
| | ♥ Skiptir | |
| | ♦ ekki máli | |
| | ♣ | |

Vestur er sagnhafi í 6♣ og útspilið er spaði. Hann tekur trompin (2-2) og leggur upp fyrir 12 slögum. Norður spyr hann um spilaleið, og Suður byrjar að lýsa spilaleiðinni, en uppgötvar þá að hann á alla slagina. Og nú gerir sagnhafi kröfu til þeirra allra 13, Keppnisstjóri !!!

Keppnisstjóri úrskurðar

a) 12 slagi
b) 13 slagi

---

**9**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:Enginn** | **Norður** | **Samningur** |
| **Gjafari:Vestur** | ♠ 85 | |
| | ♥ KJ75 | |
| | ♦ QJ10 | |
| **Vestur** | ♣ J832 | **Austur** |
| ♠ Q9 | | ♠ AKJ72 |
| ♥ A4 | | ♥ Q10 |
| ♦ 8743 | | ♦ A96 |
| ♣ AK1065 | | ♣ Q74 |
| | **Suður** | |
| | ♠ T643 | |
| | ♥ 98632 | |
| | ♦ K52 | |
| | ♣ 9 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 1♣ | pass | 1♠ | 1NT |
| 2♣ | 2♥ | 3♦ | 3♥ |
| pass | pass | 3♠ | allir pass |

Austur spurði um 1NT sögn Suðurs og fékk þau svör að sögnin sýnid 15–18 HCP.
Austur fékk 10 slagi eftir hjarta útspil frá Suðri og taldi sig skaðaðan. Mat Austurs var það að first Norður passaði 3♠ sýndi að hann hafði grun um blöffið hjá Suðri. Það væri áunna vitneskja N/S parsins og ekki greint frá því sem slíku.
Keppnisstjóri kemst að því að Suður er þekktur fyrir blekkingar sínar, og sögn hans var meint sem blöff.
Hver er besti úrskurður keppnisstjóra:

a) Skor stendur, en N/S fá 3 IMP refsingu.
b) Ekki heimila 1NT sögn Suðurs og samningurinn verður 3NT í Vestur. Hjarta útspil og 12 slagir.
c) Norður hefði átt að dobla 3♠ + 1 (Eftir hjarta útspil frá suðri
d) A/V + 170 (borðskorið). NS - 430 (A/V fá 10 slaig í 3NT) auk 3 IMP refsingar.

**10**

| **Á hættu:A/V** | **Norður** | **Samningur** |
|---|---|---|
| | ♠ K1082 | |
| **Gjafari:Suður** | ♥ A94 | |
| | ♦ 3 | |
| **Vestur** | ♣ A9752 | **Austur** |
| ♠ J65 | | ♠ A9743 |
| ♥ 863 | | ♥ 52 |
| ♦ AJ952 | | ♦ 10864 |
| ♣ Q8 | | ♣ 106 |
| | **Suður** | |
| | ♠ Q | |
| | ♥ KQJ107 | |
| | ♦ KQ7 | |
| | ♣ KJ43 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| | | | 1♥ |
| pass | 1♠ | pass | 2NT |
| pass | 3NT | allir pass | |

Vestur spilar út ♦5, ♦3, ♦T og ♦Q. Suður spilar nú ♥Q, ♥6 frá Vestri og nú fer Suður að horfa hugsandi á Vestur, hugsar sig um smá stund og spilar litlu hjarta frá blindum. Í slag 3 spilar hann laufi á ásinn og svínar fyrir lauf drottninguna í slag 4. Vestur spilar hjarta því hann taldi víst að makker ætti kónginn. Sagnafi fær 10 slagi. A/V kalla á keppnisstjóra og lýsa spilamennsku Suðurs. Suður viðurkennir með semingi að hugsanlega hefði hann ekki spilað ♥4 í tempói.

Úrskurður keppnisstjóra er…

a) 430 til N/S fyrir báðar hliðar
b) - 100 til NS fyrir báðar hliðar og 3 IMP sekt til N/S
c) - 100 til NS og – 430 til A/V og 3 IMP sekt til N/S

**11**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:** | **Norður** | **Samningur** |
| | ♠ J10864 | **7♥ Suður** |
| **Gjafari:** | ♥ K32 | |
| | ♦ A(3) | |
| **Vestur** | ♣ A103 | **Austur** |
| ♠ 5 | | ♠ 9732 |
| ♥ 965 | | ♥ 4 |
| ♦ K107654 | | ♦ QJ2 |
| ♣ 762 | | ♣ KJ985 |
| | **Suður** | |
| | ♠ AKQ | |
| | ♥ AQJ1087 | |
| | ♦ 98 | |
| | ♣ Q4 | |

Meðan á sögnum stendur, missir Norður ♦3 á gólfið. N/S enda í 7♥ og Suður er sagnhafi. Útspil er ♠5 og Suður leggur upp og segist muni trompa tígul í blindum með ♥K, taka trompin og hend laufi í spaðana í borði, og laufa ásinn er innkoma í blindan. Nú sér Austur að blindur hefur aðeins 12 spil. Keppnisstjóri !!!.

a) Keppnisstjóri úrskurðar 13 slagi.
b) Keppnisstjóri úrskurðar 12 slagi.
c) Keppnisstjóri úrskurðar 11 slagi.

---

**12**

Vestur gefur. Enginn á hættu.
Norður opnar á 2♠ utan réttrar raðar, og Austur samþykkir ekki sögnina. 2♠ opnun lofar fimmlit í spaða og 4+ í láglit. Vestur opnar á 1NT og Norður segir 2♠ sem sýnir fimmlit og 4+ í láglit, en ekki endilega sami HCP styrkur.

1. Suður skal passa einu sinni
2. Ef N/S lenda í vörn, þá eru þeir brotlegir. Það leiðir til útspilsviðurlaga.

a) Bæði atriðin eru rétt
b) Atriði 1 er rétt, og atriði 2 er rangt
c) Atriði 1 er rangt og atriði 2 er rétt
d) Bæði atriðin eru röng

---

**13**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:Enginn** | **Norður** | **Samningur** |
| | ♠ K32 | **3NT Suður** |
| **Gjafari:Norður** | ♥ Q4 | |
| | ♦ K1086 | |
| **Vestur** | ♣ K1086 | **Austur** |
| ♠ QJ109 | | ♠ 876 |
| ♥ 985 | | ♥ A1062 |
| ♦ Q973 | | ♦ J2 |
| ♣ 95 | | ♣ A432 |
| | **Suður** | |
| | ♠ A85 | |
| | ♥ KJ73 | |
| | ♦ A54 | |
| | ♣ QJ7 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| | pass | pass | 1NT |
| pass | 2NT | pass | 3NT |
| allir pass | | | |

Norður gefur aðvörun á 1NT opnunina og útskýrir hana sem 12-14. Að spili loknu, slétt staðið, þá uppgötvar Austur að Suður átti 15 HCP og spyr Suður hvers vegna hann leiðrétti ekki hina röngu útskýringu?

Suður útskýrir að hann hafi gefið ranga sögn. Þeir spila veikt grand á í þessari stöðu. Austur kallar á keppnisstjóra og biður hann að kveða á um hvort hér hafi átt sér stað brot.

Kerfiskortið staðfestir úrskýringu Suðurs. Úrskurður keppnisstjóra er?

---

**14**

Monrad sveitakeppni, 8spila leikir. Milli sveita A og B, er staðan eftir 6 spil 14 – 18 IMP fyrir sveita A. Í spili 3 úrskurðaði keppnisstjóri -3 IMP fyrir báðar sveitir. Í spili 4 úrskurðaði keppnissjtóri í opna salnum að sveit A fengi skorið 4♠ fyrir andsætðingana = -620 og að sveit B fengi vegið skor. 2/3 tilfella 4♠ slétt staðið, = 620 og 1/3 tilfella 4♠ einn niður = -100. Úrslit spilsins í lokaða salnum er 3 ♠ slétt staðið fyrir sveit A.

Reiknið IMP stig hvorrar sveitar og úrslit leiksins.

---

**15**

Vestur á að spila út í fyrsta slag, og eftir smá umhugsun spilar hann út ♦7 en hefur útspilið ekki á hvolfi. Sagnhafi (Suður) spilar samstundis ♦A frá eigin hendi í slaginn.

a) Sagnhafi getur tekið ♦A til baka.
b) Sagnhafi getur ekki tekið ♦A til baka vegna þess að honum hefur verið spilað í slaginn.

**16**

| | | |
|---|---|---|
| **Á hættu:** | **Norður** | **Samningur** |
| | ♠ K8 | |
| **Gjafari:** | ♥ 8 | |
| | ♦ --- | |

| **Vestur** | ♣ --- | **Austur** |
|---|---|---|
| ♠ 2 | | ♠ 103 |
| ♥ Q | | ♥ 7 |
| ♦ --- | | ♦ --- |
| ♣ 8 | | ♣ --- |
| | **Suður** | |
| | ♠ 97 | |
| | ♥ --- | |
| | ♦ --- | |
| | ♣ 4 | |

Suður er sagnhafi og spilar Grand samning. Blindur (Norður) á að spila ú tog spilar ♠K og svo ♠8. Austur spilar ♠3 í fyrri slaginn, en svíkur lit á ♠8 með því að spila ♥7. Vestur setur spil sín í bakkann, gangandi út frá því að sagnhafi eigi rest því sagnhafi á báða spaðana sem eftir eru. Loks spilar Austur úr ♠Tíunni sinni og Sagnhafi kallar á keppnissjtóra. Keppnissjtóri kemst að því að Vestur veit ekki um staðsetningu síðasta hjartans eða síðasta laufsins.

Hve marga slagi úrskurðar keppnissjóri til N/S?

a) 1
b) 2
c) 3